

dómi þannig, að áfrýjanda gjörist að greiða stefnda að eins 56 kr. 62 au. Eptir þessum úrslitum málsins á málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi, Kr. Ó. Þorgrímsson, greiði stefnda, Þorleifi Jónssyni, 56 kr. 62 aura. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu undir aðför að lögum.

Mánudaginn 30. aprílmán.

Nr. 50/1887.

Bjarni Bjarnason

gegn

Guðmundi Sigurbjartssyni og
sýslumanni Lárusi Þ. Blöndal.

D ó m u r :

Eptir að ágreiningur var kominn upp milli áfrýjanda máls þessa, Bjarna bónda Bjarnasonar á Umsvölum, og Björns bónda Benidiktssonar Blöndal út af kýrkaupum, er áttu að hafa gjörzt milli þeirra vorið 1886, höfðaði hinn síðarnefndi mál á móti Bjarna Bjarnasyni fyrir aukarjetti Húnavatnssýslu, og var því ráðið til lykta með dómi tjeðs rjettar, uppkveðnum hinn 18. dag janúarmán. 1887, á þá leið að Bjarni Bjarnason skyldi greiða Birni B. Blöndal andvirði kýrinnar 60 kr., 5⁰/₁₀ vexti af þessari upphæð frá sáttakærudegi til borgunardags, 4 kr. fyrir hirðingu og hagatoll fyrir kúna, og 200 kr. í málskostnað.

Dómur þessi var birtur fyrir áfrýjanda hinn 7. marzm. f. á. Hinn 16. sama mánaðar „framselu og afsalar“ Björn Blöndal Guðmundi Sigurbjartssyni, sjálfseignar-
arbónda á Þorkelshóli, nýnefndan dóm, og „segir hann rjéttan eiganda dómsins, er hann fyrir því megi hagnýta sjer eptir vild sinni“, með því að hann hafi greitt þá upphæð, er þeir hafi orðið ásáttir um. Sama dag krefst Guðm. Sigurbjartsson þess, að sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu fullnægi dóminum með fjárnámi hjá áfrýjanda, þegar fjárnámsfrestur sje liðinn, svo framarlega dómfelldi innan þess tíma eigi hafi veitt dóminum fullnustu. Þessa kröfu tók sýslumaðurinn þannig til greina, að hann fór að Umsvölum, heimili áfrýjanda, hinn 25. marzm. f. á., og tók ýmislegar eigur hans fjárnámi, er virtar voru á 296 kr. 75 au. Áfrýjandi mótmælti því þá að vísu, að hinn stefndi sýslumaður framkvæmdi fjárnámsgjörðina, með því að hann væri föðurbróðir dómhafa, Bjarnar B. Blöndal, en með samstundis uppkveðnum úrskurði fógætans var þessum mótmælum hrundið. Þá mótmælti áfrýjandi því þar næst, að fjárnámsgjörðin væri látin fram fara, með því að hann ætlaði að skjóta aukarjettardóminum frá 18. jau. f. á. til yfirdómsins, og hefði hann þegar hinn 8. marzm. f. á. á heimili fógætans beðið um útskrift í akts-formi af málinu, en sökum ýmislegra anna hefði sýslumaður eigi þótzt geta þá þegar afgreitt dómshjörðirnar, og fyrir því hefði eigi verið unnt að fá áfrýjunarstefnu, svo að hún yrði fram lögð í fógetarjettinum. Einnig þessum mótmælum hratt fógetin með úrskurði, uppkveðnum þá þegar, og var síðan fjárnámið framkvæmt. Nú litur út fyrir að fjárnámshafi, þegar er búið var að

framkvæma fjárnámið, hafi heimtað sölu á hinum lögteknu munum, því að daginn eptir, 26. marzm. f. á., gefur sýslumaður Lárus Blöndal út auglýsingu um að fjármunirnir verði seldir á opinberu uppboðsþingi hinn 13. aprilm. næst á eptir. Fyrir uppboðsrjettinum lagði Bjarni Bjarnason fram yfirdómsstefnu, dags. 1. aprilm., og birta 9. sama mánaðar, en með henni var áfrýjað til yfirdómsins aukarjettardóminum frá 18. jan. f. á., og krafðist þess, að fjárnámsuppboðinu yrði frestað, þangað til dómur yfirrjettarins væri fallinn í aðalmálinu. Þessu mótmælti uppboðsbeiðandi þá þegar, og úrskurðaði uppboðsráðandi samtundis, að uppboðið skyldi fram fara, með því að eigi hefði verið áfrýjað fjárnámsgjörðinni. Voru hinir lögteknu munir síðan að mestu leyti seldir á uppboðinu, eða svo mikið af þeim, sem útheimtist til lúkningar á dómkröfunni með fjárnáms- og uppboðskostnaði, og var andvirði hinna seldu muna alls 297 kr. 55 au., er virðist hafa gengið til Guðmundar Sigurbjartssonar, sem dóm- og fjárnáms-hafa og uppboðskrefjanda, en dómskuldin með vöxtum og málskostnaði, fjárnámskostnaði og áætluðum uppboðskostnaði var reiknuð 296 kr. 75 aur. Fjárnámsgjörð þessari og uppboðsgjörð, svo og undanfarandi úrskurðum, hefur Bjarni bóndi Bjarnason áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 24. septbr. f. á., og krafizt þess, að úrskurðirnir verði ónýttir og gjörðirnar úr gildi felldar, og að Guðmundur Sigurbjartsson, sem lögtaks- og uppboðsbeiðandi, verði ásamt hinum stefnda sýslumanni, fógeta og uppboðskaldara, Lárusi Blöndal, dæmdur til að setja eigur áfrýjandans í samt lag aptur, eða til að greiða honum fullar skadabætur

eptir mati rjettarins eða eptir mati óvilhallra manna fyrir allt það eignatjón, afnotamissi, atvinnutjón og álitsspilli, er hinir stefndu hafi bákað honum með gjörðum þessum, eigi minna en 3000 kr. En geti þessu eigi orðið framgengt, hefur áfrýjandi krafizt þess, að uppboðsgjörðin verði numin úr gildi, að því leyti snertir þær 120 kr., er felldar voru úr málskostnaðinum í aðalmálinu með dómi yfirrjettarins, og hinir stefndu *in solidum* dæmdir til að standa áfrýjandanum skil á þessari upphæð, svo og til að greiða skaðabætur, eins og tekið er fram í aðalkröfunni; svo krefst og áfrýjandi þess, að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða 200 kr, eða eitthvað nægilegt í málskostnað fyrir báðum rjettum. Á hinn bóginn eru það rjettarkröfur hinna stefndu, *principaliter* að málinu verði frá vísað, og *in subsidium*, fyrst og fremst að hinir áfrýjuðu úrskurðir og gjörðir verði staðfestar; og þar næst, að hinir stefndu verði algjörlega sýknaðir; svo krefjast þeir og þess, að nokkur tilgreind orð í sóknarskjölunum verði dæmd ómerk, og umbodsmáður áfrýjanda sektaður fyrir þau, og loksins að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða hinum stefndu málskostnað, sýslumanni L. Blöndal 40 kr., og Guðmundi Sigurbjartssyni 40 kr., samtals 80 kr.

Það er aðal-frávisunarástæða hinna stefndu, að í áfrýjunarstefnunni sje einhver Björn Kristófersson nefndur sem lögtaksbeiðandi, og að Guðmundi Sigurbjartssyni sje að eins stefnt sem beiðanda fjárnámsuppboðsins. Stefnan hefur nú ekki verið birt fyrir þessum Birni Kristóferssyni, og áfrýjandi gjörir engar kröfur á hendur honum í málinu, enda hefur

hann eigi látið mæta sín vegna fyrir yfirdóminum. Að visu verður í máli þessu eigi dæmd ábyrgð á hendur hinum stefnda Guðmundi Sigurbjartssyni fyrir fjárnám það, er hann ljet gjöra hjá áfrýjanda, með því að hann að eins er stefndur sem uppboðsbeidandi, en fyrir þessa skuld er þó eigi ástæða til þess að frá vísa máli þessu, eins og það liggur fyrir yfirdóminum, hvorki í heild þess, nje að nokkru leyti. Þá virðist og heldur eigi vera ástæða til þess, að frá vísa málinu eptir kröfu hinna stefndu fyrir þá skuld, að áfrýjandi eigi fram lagði þegar hinn fyrsta rjettardag dómsútskript þá með viðfestu afsalsskjali, sem um getur í fúgetarjettargjörðinni að fram hafi verið lögð fyrir fúgetarjettinum hinn 25. marzm. f. á., með því að áfrýjandi fram lagði áminnzt skjal fyrir yfirdóminn með framhaldssókn sinni hinn 27. febr. þ. á., en það var næsta fyrirtektardag sakarinnar, eptir að hinir stefndu hreifðu því af sinni hálfu, að skjalið hefði eigi fylgt fúgetagjörðinni.

Þá koma til álita kröfur áfrýjanda um, að fjárnáms- og uppboðsgjörðirnar ásamt með undanfarandi úrskurðum verði úr gildi felldar, og þá fyrst sú ógildingarástæða, að fúgetanum, hinum stefnda sýslumanni Lárusi Blöndal, hafi borið að vikja úr sæti sinu í fúgetarjettinum við gjörðina hinn 25. marzm. f. á. eptir kröfu áfrýjanda, með því að hann sje skilgetinn föðurbróðir dómhafandans, sækjandans í aukarjettarmálinu, Bjarnar Blöndal, en það verður að fallast á úrskurð fúgetans, er hann þá kvað upp, að mótmælin verði eigi tekin til greina, því að annar maður, óskyldur fúgetanum, var þá orðinn eigandi dómkröfunnar eptir framsalinu frá 16. marz f. á., og engin rök eru leidd

að því í málinu, að framsal þetta hafi að eins verið gjört til málamyndar (*proforma*-framsal). Hin önnur ógildingarástæða áfrýjanda með tilliti til fúgetagjörðarinnar er, að fúgetanum hafi borið að taka til greina mótmæli áfrýjanda gegn fyrirtekt fjárnámsgjörðarinnar, er studdust við þá yfirlýsingu hans, að hann ætlaði sjer að áfrýja aukarjettardóminum frá 18. jan. f. á., en yfirdómurinn verður að samþykkja úrskurð þann, er fúgetinn upp kvað um þessi mótmæli, því að eigi lagði áfrýjandi fram við fjárnámið áfrýjunarstefnu samkvæmt fyrirmælunum í N. L. 1—22—56, og á hinn bóginn verður eigi staðhæft, að honum hafi verið ómögulegt, að ná áfrýjunarstefnu norður til sín frá Reykjavík frá því dómurinn var birtur honum, og þangað til fjárnámið fram fór, en til þess að fá áfrýjunarstefnu þurfti hann eigi að fram leggja hjeradsrjettardómsgjörðir *in forma* með því að honum í því skyni gat nægt staðfest dómseptirrit, sem hann og fjekk hjá dómáranum samdegis og hann bað um dómsgjörðirnar, hinn 8. marzmán. f. á. — Að því er sjerstaklega snertir hina áfrýjuðu uppboðsgjörð, krefst áfrýjandi þess, að hún verði dæmd ógild, með því að þá er hún fram fór hafi verið búið að áfrýja aukarjettardóminum frá 18. jan. f. á., áfrýjunarstefnan hafi verið fram lögð við uppboðsgjörðina, og krafa hafi komið fram um að uppboðinu væri frestað, þangað til yfirrjettardómur væri upp kveðinn í málinu. En úr því að uppboðsbeiðandi vildi eiga það á hættu, að heimta framkvæmd á uppboðsgjörðinni, þrátt fyrir áfrýjun á hjeradsrjettardóminum, þá virðist uppboðsráðandi eigi hafa getað skorazt undan að framkvæma uppboðið, þar sem þá eigi var sýnd

áfrýjunarstefna á fjárnámsgjörðinni, og verður því úrskurður hans hjer að lútandi og uppboðsgjörðin eigi dæmd ógild af þessari ástæðu.

Sakar-aðilar eru sammála um það, að margnefnd- um aukarjettardómi Húnavatnssýslu, uppkveðnum 18. jan. f. á., hafi verið áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 1. aprílmán. næst á eptir, og að honum með dómi yfirrettarins, er upp var kveðinn 19. sept. f. á., hafi verið breytt þannig, að málskostnaðarupp- hæðin hafi verið færð niður um 120 kr., nl. úr 200 kr. niður í 80 kr. Hitt virðast þeir eigi hafa athug- að, að þá voru þess utan burt felldar 4 kr. af dóm- kröfu hins stefnda. Samkvæmt þessu hefur áfrýj- andinn stílað varakröfu sína, og virðist hún geta fal- ist í hinum víðtæku kröfum áfrýjunarstefnunnar. Um- boðsmaður hinna stefndu hefur og viðurkennt, að á- frýjandi eigi heimtingu á að fá þessa upphæð endur- goldna, og verður því í þessu máli að dæma Guð- mund Sigurbjartsson til þess, að endurgjalda honum nefndar 120 kr., en vaxtalaust, með því að þeirra hefur eigi verið krafizt, og skal þess jafnframt getið, að eigi þykir þurfa að dæma uppboðsgjörðina að neinu leyti ógilda til þess að komast að þessari nið- urstöðu. Til þess að dæma áfrýjanda skaðabætur eptir mati óvillhallra manna, þykir ekki alveg nægi- leg ástæða eptir atvikum málsins. Hinn stefnda, sýslu- mann Lárus Blöndal, ber því algjörlega að sýkna í málinu, og á áfrýjandi að greiða honum málskostnað, sem ákveðst 25 kr. Á hinn bóginn á Guðmundur Sigurbjartsson, sem ljet uppboðið á eignum áfrýj- anda fram fara, þótt honum væri kunnugt um áfrýj- unina á aukarjettardóminum frá 18. jan. f. á., að

greiða hæfilega upphæð sem málskots-kostnað til áfrýjanda, og ákveðst hún 50 kr. — Þar sem umboðsmaður hinna stefndu hefur krafizt þess, að nokkur ummæli umboðsmanns áfrýjanda í málssóknarskjölunum verði dæmd ómerk, og málsfærslumaðurinn sektaður fyrir þau, þá þykir verða að taka þessa kröfu til greína þannig, að umyrðið „hatursmál“ verði dæmt ómerkt; þó virðist eptir öllum málavöxtum ekki ástæða til að sekta málsfærslumanninn fyrir að hafa viðhaft þetta orð í sóknarskjali sínu, og hin önnur tilgreindu ummæli þykir eigi ástæða til að ómerkja.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn stefndi, Guðmundur Sigurbjartsson, á að greiða áfrýjanda, Bjarna Bjarnasyni, 120 krónur, og í málskostnað fyrir yfirdómi 50 krónur. Hinn stefndi, sýslumaður Lárus Blöndal, á að vera sýkn fyrir kröfum áfrýjanda í máli þessu, og á áfrýjandi að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi 25 kr. Orðið „hatursmál“ í sóknarskjali áfrýjanda á að vera ómerkt.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 14. maímán.

Nr. 14/1888.

Hið opinbera
gegn

Jóni Laxdal Gíslasyni.

Dómur:

Með dómi lögreglurjettar Gullbringu- og Kjósarsýslu,